

Árni Davíðsson

From: Atli Már Ingólfsson <atli@landlogmenn.is>
Sent: mánudagur, 17. ágúst 2020 10:17
To: Árni Davíðsson
Cc: Klara Thuilliez
Subject: RE: Starfsleyfisumsókn Hundasleðar Íslands ehf. Egilsmóum 12.

**Til Heilbrigðiseftirlits Kjósasvæðis
Frá Hundasleðar Íslands ehf., Egilsmóa 12.**

Sæll Árni

Til upplýsingar fyrir þig og eftirlitið er rétt að nefna eftirfarandi.

Synjun eftirlitsins kom umbjóðanda mínum mjög mikið á óvart, eftir allan hennar undirbúning og leit að skýrum svörum með það hvort hún gæti og mætti flytja að Egilsmóa með hunda sína, sem hún á sjálf og persónulega.

Umbjóðandi minn óskaði eftir fundi með bæjarstjóra Mosfellsbæjar sem haldinn var í síðustu viku, eftir að honum hafði verið frestað einu sinni. Á fundinum var kannað hvort Mosfellsbær ætti land eða jörð sem hægt væri að leigja til skamms tíma.

Í ákvörðun um synjun frá Heilbrigðiseftirlitinu var veittur 30 daga frestur til að fara með hundana. Eftir 7 ára leit að landi sem gæti hentað er ljóst að slíkur frestur mun engan veginn duga og er umbjóðanda mínum fullkomlega ómögulegt að flytja hundana á svo stuttum tíma á annan stað. Leigusamningur hennar þar sem hundarnir voru áður er runninn út og hún getur ekki farið með þá bara eitthvað. Fresturinn er ómálefnalegur og ekki mögulegt að verða við því að flytja hundana á svo stuttum tíma.

Hundasleðar Íslands skoða hins vegar þessa dagana, bæði í ljósi afstöðu sumra íbúa, hvort hægt sé að selja eignina og finna annan hentugari stað fyrir hundana og fjölskylduna til að flytja á. Þetta mun þó taka tíma. Eins og þér er kunnugt um kom líka upp vandamál með landið, þ.e. það var á því lítil lóð sem virðist vera í eigu þriðja aðila, það gerir Egilsmóa 10 og 12 ill- eða óseljanlega á meðan fundið er út úr því. Þetta bætist enn við erfiðleika með að flytja hundana, þar sem umbjóðandi minn hefur bundið mest af sínu fé í eigninni.

Rétt er að geta þess, þó það fresti ekki réttaráhrifum synjunar eftirlitsins, að umbjóðandi minn hefur ekki enn ákveðið hvort synjun eftirlitsins verður kærð til úrskurðarnefnarinnar.

Í stuttu máli er staðan því sú að umbjóðandi minn vinnur að því að finna sér og sínum hundum annan stað. Á meðan er áfram reynt að hafa allan aðbúnað og hávaða eins og best verður á kostið, miðað við aðstæður. Það tekur hins vegar tíma. Ekki var unnt að verða við afar stuttum fresti sem gefinn var til að flytja hundana á brott. Er ofangreint hér með kynnt eftirlitinu og þess óskað að frestur verði lengdur til a.m.k. sex mánaða.

Atli Már

Bestu kveðjur,
Atli Már Ingólfsson, lögmaður, MBA.
Eigandi

Land
LÖGMENN

Turninn, 12th floor | Smáratorg 3 | 201 Kópavogur | Iceland